

Starfsemi hjúkrunarheimila og dagdvala í COVID-19


Upplýsingafundur 23. júlí 2021



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

Blikur á lofti í faraldrinum

- Mikil aukning smita – mikið til Delta afbrigði kórónuveirunnar
- Mikið um smit meðal ungs fólks
- Ekki nægar upplýsingar um áhrif sýkingar á bólusett eldra fólk því mikilvægt að vernda þann viðkvæma hóp



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

Samráðshópur um starfsemi hjúkrunarheimila og dagdvala í COVID-19 faraldri:

- *Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir og Guðrún Lísbet Níelsdóttir, almannavarnadeild ríkislögreglustj.*
- *Dagmar Huld Matthíasdóttir, Heilbrigðisráðuneyti*
- *Ása St. Atladóttir, hjá sóttvarnalækni*
- *María Heimisdóttir, Unnur Gunnarsdóttir og Sara Halldórsdóttir, Sjúkratryggingar Íslands*
- *Sigurjón Norberg Kjernested, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu*
- *Bjarney Sigurðardóttir og María Fjóla Harðardóttir, Hrafnista hjúkrunarheimili*
- *Jórunn Ósk Frímannsdóttir Jensen, Droplaugarstaðir hjúkrunarheimili*
- *Berglind Magnúsdóttir, velferðarsvið Reykjavíkurborgar.*
- *Anna Birna Jensdóttir, Sóltún hjúkrunarheimili*
- *Helga Hansdóttir, Mörkin hjúkrunarheimili*
- *Teitur Guðmundsson, Heilsuvernd*
- *Jón Snædal, Jón Eyjólfur Jónsson og Guðný Valgeirsdóttir, Landspítali*
- *Þórdís Hulda Tómasdóttir, Eir/Hamrar/Skjól, hjúkrunarheimili*
- *Rut Guðbrandsdóttir, Sjúkrahúsið Akureyri*
- *Guðný Valgeirsdóttir, Landspítalali*
- *Þóra Kristin Ásgeirsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga*



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

Tilmæli til starfsfólks hjúkrunarheimila og dagdvala vegna sívaxandi fjölda smita í íslensku samfélagi

- Sýnatöku
- Grímunotkun
- Takmarkanir í tengslum við heimsóknir



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

Sýnataka meðal starfsfólks

Bólusett starfsfólk fer í sýnatöku:

- Þegar það kemur frá útlöndum (til viðbótar við neikvætt PCR- eða antigen próf sem tekið var fyrir brottför erlendis frá).
- Eftir þátttöku í fjölsóttum útihátíðum á Íslandi.
- Ef það finnur fyrir einkennum COVID-19 s.s. hósta, hálssærindum, mæði, niðurgangi, uppköstum, hita, höfuðverk, kviðverkjum, beinverkjum eða þreytu.
- Ef þörf er á getur einkennalaust starfsfólk sinnt sínu starfi á meðan beðið er niðurstöðu úr sýnatöku svo fremi að það sé í öllum aðstæðum með grímu og gæti vel að handþvotti og sprittun handa.



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

Grímunotkun

Eindregið er mælt með að starfsfólk hjúkrunarheimila og dagdvala og utanaðkomandi gestir séu látnir bera andlitsgrímu (skurðstofugrímu) við öll störf og umgengni við íbúa á hjúkrunarheimilum og notendur í dagdvöl. Íbúar og notendur dagdvala þurfa ekki að nota grímur nema þegar þeim er ekið í bifreiðum í mikilli nálægð við utanaðkomandi einstaklinga.

Áfram varúð vegna COVID-19 - Leiðbeiningar um notkun andlitsgríma vegna sjúkdóma sem berast með dropum og/eða úða úr öndunarvegi

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item42254/HI%C3%ADf%C3%B0argr%C3%ADmur_lei%C3%B0beiningar_08.09.2020.pdf



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

Grímunotkun

Andlitsgrímur sem henta fyrir almenning til að hefta útbreiðslu sjúkdóma sem berast með dropum og/eða úða úr öndunarvegi (t.d. COVID-19, inflúensa)

1. Einnota „skurðstofugrímur“ með teygjum til hliðanna og innbyggðum vír til að móta við nef



Slíkar grímur eru gerðar úr þremur lögum af pappírskennðu efni og í miðjunni er lag sem síar úr agnir. Þessar andlitsgrímur eru misþykkar, draga í sig mismunandi mikinn raka og hafa mismunandi eiginleika til síunar. Þær grípa dropa sem koma úr öndunarvegi og munnvatni þess sem ber grímuna, svo þeir dreifist síður til annarra og um umhverfið. Þær minnka einnig líkur á að sá sem er með grímuna fái veiruna í sig með því að sía loftið sem hann andar að sér.

Hreinsa þarf hendur áður en skurðstofugríma er sett upp og eftir að hún er snert eða tekin af. Skurðstofugríma á að vera þétt við andlit, hylja nef, munn og höku. Skipta þarf um skurðstofugrímu þegar hún er orðin rök eða löskuð en hámarks notkunartími er 4 klst. Ef gríman er notuð skamma stund og til stendur að nota hana aftur þarf að geyma hana í lokuðum umbúðum á milli og þvo eða spritta hendur eftir snertingu við grímuna. Notuð gríma á að fara beint í ílát fyrir almennt rusl.

- [Veggspjald um örugga notkun skurðstofugríma](#)



**Embætti
landlæknis**
Sóttvarnalæknir

Takmarkanir í tengslum við heimsóknir

Mælst er til þess að heimsóknargestir hjúkrunarheimila séu eingöngu í heimsókn inni á herbergjum íbúa. Biðlað er til aðstandenda yngri en 30 ára að sleppa heimsóknum tímabundið vegna aðstæðna. Gestir mega ekki koma í heimsókn ef þeir:

- Eru í sóttkví eða einangrun.
- i) Eru ekki fullbólusettir og hafa dvalið erlendis og ekki liðnir 14 dagar frá heimkomu eða ii) eru fullbólusettir og hafa ekki farið í sýnatöku eftir heimkomuna og ekki eru liðnir 5-7 dagar eru að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku sem þeir fóru í strax eftir heimkomu.
- Hafi verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá því að einangrun lauk.
- Eru með einkenni sem gætu bent til COVID-19: Hósta, hálssærindi, mæði, **niðurgang, uppköst**, hita, höfuðverk, kviðverki, beinverki eða þreytu.



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

Varúð og viðbrögð — leiðbeiningar fyrir stjórnendur hjúkrunarheimila og dagdvala

Eldri leiðbeiningar hafa verið uppfærðar og eru í yfirlestri hjá samráðnefndinni.

Sóttvarnalæknir hefur sent heilbrigðisráðherra tillögur um aðgerðir til að stemma stigum við smitum og nú eru þær tillögur til skoðunar hjá ríkisstjórninni. Leiðbeiningarnar munu taka mið af því og verða því uppfærðar í kjölfarið.



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir